

SKÓLAREGLUR LANGHOLTSSKÓLA

GULLREGLUR

Í skólanum:

- sýnum við tillitssemi og heiðarleika.
- berum við virðingu fyrir öllum og öllu.
- erum við vingjarnleg og sýnum samkennd.
- berum við ábyrgð á eigin hegðun og námi.

Í skólastofunni

- erum við stundvís.
- erum við kurteis.
- förum við eftir fyrirmælum.
- höldum við vinnufrið.
- hlustum við á þann sem hefur orðið.
- virðum við vinnusvæði annarra.
- göngum við frá eftir okkur.
- biðjum við um leyfi til að fara fram.
- er slökkt á sínum og þeir hafðir ofan í töskum.

Á göngunum

- göngum við.
- erum við örugg.
- förum við úr útiskóm og röðum þeim.
- virðum við eigin annarra.

Í frímínútum

- höldum við okkur á skólalóðinni.
- göngum við vel um lóðina.
- látum við fullorðinn vita ef einhver meiðir sig eða líður illa.

Í matsalnum

- förum við í röð.
- notum við inniröddina.
- göngum við frá eftir okkur.
- yfirgefum við ekki salinn án leyfis.

Í skólaferðum

- förum við eftir skólareglum.
- erum við sjálfum okkur, skólafélögunum og Langholtsskóla til sóma.

Almennt

Neysla gosdrykkja/orkudrykkja og sælgætis/bakkelsis er bönnuð í skólanum nema á skólaskemmtunum þegar það á við. Öll meðferð tóbaks/níkótíns eða veips og annarra vímuefna er bönnuð í skólanum, á skólalóðinni og hvar sem nemendur eru á vegum skólans.